

Mál nr. 407/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Váttryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

### Skaðabótaábyrgð. Þjónusta/Verslun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 1. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 12. desember 2022 ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 8. ágúst 2019, orðið fyrir líkamstjóni er hún féll fyrir utan húsnæði Y, en hún var þar að störfum í þágu vinnuveitanda síns, Z. Að vinnudegi loknum hafi hún gengið út á flísalagða verönd sem tilheyri húsnæði Y, en þá runnið í fitubletti á flísunum og fallið. Starfsmaður X, en það fyrirtæki sjái um mötuneytið í Y, hafi misst fituríka sósu á flísarnar og ekki þrifið nægilega vel eftir það óhapp. M gerir kröfu um bætur í ábyrgðartryggingu X vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir en V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 16. september 2022 með vísan til þess að slys M yrði ekki rakið til sakar X. M byggir kröfu sína á því að tjón hennar sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis þess starfsmanns X sem hafði umsjón með matarafgreiðslu hjá Y, enda hafi hann ekki þrifið flísarnar nægilega vel eftir að sósa fór á þær. Sjá megi þá á fyrirliggjandi myndbandsupptöku af atvikinu að sósa, sem starfsmaður X ferjaði í og úr húsnæði Y, hafi skilið eftir sig fitublett á flísunum. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim máli sínu til stuðnings.

V mótmælir málavaxtalýsingu M, enda komi ekkert fram í gögnum málsins sem staðfesti að orsök meiðsla M hafi verið sú að starfsmaður X hafi hellt niður sósu eða vanrækt að þrifa eftir slíkt óhapp. Ekki sé sýnt fram á að starfsmaður X hafi hellt niður vökva á stéttina eða að það hafi gerst skömmu fyrir slysið. Ekkert liggja þá fyrir um það hvernig eða hvenær bleyta við inngang húsnæði Y hafi komið til. Umræddur starfsmaður hafi þá aðeins dvalið í stutta stund dag hvern í starfsstöð Y, þ.e. aðeins í þeim tilgangi að framreiða mat, og hafi hann ekki verið í neinni aðstöðu til að sjá til þess að lögum og reglum um húsnæði vinnustaða væri framfylgt, enda hvíli það fyrst og fremst á Y sem vinnuveitanda. Þá hafi slys M atvikast kl. 16:06 og sé gengið út frá því að vökvi hafi hellst niður um hádegisbil hefði það staðið starfsfólki Y nær að bregðast við hefðu hættulegar aðstæður skapast fyrir framan húsnæðið.

**Álit.**

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Fyrirliggjandi myndbandsupptaka er sýnir vettvang á slysdegi og má greina af henni að bleyta er á flísunum á þeim stað þar sem M virðist hafa fallið. Hins vegar liggur ekkert fyrir, vitnisburðir eða upplýsingar um nánari skoðun á vettvangi eða annað, er sýni fram á að um hafi verið að ræða fitublett. Hafi fitublettur verið til staðar er þá ekki sýnt fram á að hann hafi komið til með þeim hætti sem M lýsir, þ.e. að starfsmaður X hafi misst niður sósu og vanrækt að þrifa hana nægilega. Eins og mál þetta horfir við nefndinni hefur því ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til athafna, athafnaleysis, eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaskyldu vegna og verður M að bera hallann af því.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir